



Töluverðar sveiflur hafa verið í aflamagni þórshafnar undanfarinn áratug, en mest var landað árið 2022. Sé horft til síðustu tíu ára í heild, frá 2016-2025, þá er Þórshöfn í tíunda sæti yfir stærstu löndunarhafnir landsins (*allar tegundir, í tonnum*).

LÖNDUNARHAFNIR	2016-25
1. NESKAUPSSTAÐUR	1.856.949
2. VESTMANNAEYJAR	1.487.597
3. VOPNAFJÖRÐUR	1.037.111
4. ESKIFJÖRÐUR	996.101
5. REYKJAVÍK	750.566
6. HORNAFJÖRÐUR	527.887
7. SEYÐISFJÖRÐUR	466.021
8. FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR	418.197
9. GRINDAVÍK	389.046
10. ÞÓRSHÖFN	371.796

Röðun hafnarinnar í samanburði við aðrar hafnir á Íslandi hefur almennt batnað á tímabilinu og samanburðurinn aldrei verið jafn jákvæður og árið 2025. Þessi þróun bendir til þess að samkeppnisstaða hafnarinnar sé að styrkjast, þrátt fyrir sveiflur í aflamagni.

LÖNDUNARHAFNIR	2025
1. NESKAUPSSTAÐUR	179.807
2. VESTMANNAEYJAR	109.925
3. ESKIFJÖRÐUR	104.657
4. VOPNAFJÖRÐUR	95.228
5. HORNAFJÖRÐUR	70.144
6. REYKJAVÍK	58.338
7. ÞÓRSHÖFN	34.808
8. FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR	33.931
9. HAFNARFJÖRÐUR	32.264
10. GRINDAVÍK	32.025



Aflaverðmæti þórshafnar síðustu fimm ára sem tölur ná yfir (2020-2024) var rétt tæplega 14 milljarðar íslenskra króna, samkvæmt gögnum Hagstofunnar. Á þessu tímabili var aflaverðmætið mest árið 2022, eða sem nemur ríflega fjórum milljörðum króna.

